



Reykjavík, 3. júní 2026

MSS26040048

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Viðreisnar um fjárhagslegt velferðarlíkan

Á fundi borgarstjórnar þann 21. apríl 2026 lagði borgarfulltrúi Viðreisnar fram svohljóðandi tillögu:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að hefja vinnu við gerð fjárhagslegs reiknilíkans fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar („velferðarlíkanið Freyja“). Líkanið hafi það að markmiði að: Skilgreina með skýrum og gagnsæjum hætti forsendur fjáruþlutunar innan velferðarsviðs, styðja við markvissari fjármálastjórn og ákvarðanatöku, tryggja jafnræði í þjónustu óháð hverfum og notendahópum, og gera kleift að meta áhrif breytinga á þjónustu og umfangi með greiningum. Við gerð líkansins verði horft til þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram við þróun fjárhagslíkans í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Óskað var eftir umsögn velferðarsviðs um tillöguna með bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 29. apríl 2026.

Umsögn:

Velferðarsvið fagnar þeirri umræðu sem skapast hefur um áframhaldandi þróun gagnadrifinnar fjármálastýringar og áætlanagerðar innan velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að undirstrika að þegar er unnið með margvísleg greiningar- og spálíkön innan sviðsins sem nýtt eru við gerð fjárhagsáætlana, eftirfylgni rekstrar og mat á þjónustupörf milli ára.

Við undirbúning fjárhagsáætlunar og langtímaáætlana er stuðst við fjölbreytt gögn og forsendur, meðal annars um lýðfræðilega þróun, þjónustupunga, nýtingu þjónustu, þróun notendahópa, lögbundin verkefni og samfélagsbreytingar. Þá eru reglulega unnar spár og sviðsmyndagreiningar sem styðja við mat á fjárpörf málaflokka og beiðnir um aukið fjármagn eftir því sem aðstæður þróast.

Á síðustu árum hefur jafnframt verið ráðist í umfangsmikla þróun og innleiðingu nýrra upplýsingakerfa og gagnalausna sem munu styrkja enn frekar forsendur fjárhagslegrar greiningar og þjónustustýringar. Þar má meðal annars nefna Dalacare, Veitu, Ráðgjafann, Velferðar Búa og önnur kerfi sem eru á mismunandi stigum innleiðingar.



Reykjavík



Með þessum kerfum skapast aukin tækifæri til samþættingar gagna, bættrar yfirsýnar yfir þjónustubörf og markvissari greininga til stuðnings ákvarðanatöku.

Jafnframt þarf að hafa í huga að velferðarþjónusta er einn flóknasti rekstrar- og þjónustumálaflokkur sveitarfélaga. Innan velferðarsviðs starfa fjölmörg teymi, þjónustueiningar og sérhæfð úrræði sem sinna mjög ólíkum verkefnum og byggja á mismunandi rekstrarforsendum, þjónustubunga og lagalegum skyldum. Þar undir falla meðal annars barnavernd, þjónusta við fatlað fólk, málefni eldra fólks, fjárhagsaðstoð, húsnæðisstuðningur, félagsleg ráðgjöf, þjónusta við flóttafólk og fjölbreytt vettvangstengd þjónusta.

Þessi fjölbreytileiki gerir það að verkum að erfitt er að þróa eitt samræmt fjárhagslíkan sem nær með einföldum hætti utan um allan málaflokkinn. Forsendur rekstrar, mælikvarðar, þjónustubarfir og umfang verkefna eru mismunandi milli starfseininga. Því er mikilvægt að öll áframhaldandi þróun fjárhags- og greiningarlíkana taki mið af þessari sérstöðu velferðarþjónustunnar og byggji á stigvaxandi innleiðingu, traustum gögnum og nánú samstarfi við fag- og rekstrareiningar sviðsins þar sem líkön taka mið af þörfum eftir tegundum rekstrareininganna. Núverandi þróunarverkefni á sviði upplýsingakerfa og gagnastjórnunar eru mikilvægur grunnur að þeirri áframhaldandi vegferð.

